

Ársskil

– skil á virðisaukaskatti fyrir árið 2001 –

Hjálögð fylgir virðisaukaskattsskýrsla vegna uppgjörstímabilsins 2001. Skýrslan er jafnframt gíróseðill. Virðisaukaskattsskýrslan er ekki fylgigagn með skattframtali, heldur ber að skila henni, ásamt greiðslu (greiðsluskýrslu) eða nauðsynlegum fylgigögnum (inneignarskýrslu), eigi síðar en á gjalddaga **5. febrúar n.k.** Áriðandi er að virðisaukaskattsskýrslu sé skilað þótt rekstur hafi legið niðri og velta því engin verið (núllskýrslu). Meðfylgjandi er einnig orðsending vegna virðisaukaskatts nr. 1/2002 um skýrsluskil í tengslum við skattframtal, ásamt leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts (RSK 10.26). **Nú bjóða skattyfirvöld upp á rafræn skil á virðisaukaskatti, sjá um það á bakhlíð orðsendingar þessarar.** Leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts (RSK 10.26) er ekki hægt að skila rafrænt.

Greiðsluskýrslu skal skila, **ásamt** greiðslu, eigi síðar en á

gjaldlega til innheimtumans ríkissjóðs, banka, sparisjóðs eða pósthúss.

Inneignarskýrslu skal skila eigi síðar en á gjalddaga beint til viðkomandi skattstjóra **ásamt**

- 1) afriti af ársreikningi 2001
- 2) eða hreyfingalistum inn- og útskatts 2001
- 3) eða ljósriti af bókhaldshefti 2001.

Fylgi umrædd gögn ekki inneignarskýrslu má búast við því að skattstjóri hafni skýrslu og áætli virðisaukaskatt.

Leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts (RSK 10.26)

skal skila ef leiðrétt þarf áður innsenda virðisaukaskattsskýrslu eða ef breyting verður á forsendu ársskila. Ef skattskyld velta ársins 2001 er 800.000 kr. eða meira þá er forsenda fyrir ársskilum brostin, þ.e. fyrir skilum einnar skýrslu fyrir allt árið. Ber þá að útfylla leiðréttingarskýrslu eins

og efni hennar segir til um. Í því felst að veltu og skattfjárhæðum er skipt niður á tveggja mánaða uppgjörstímabil ársins. Virðisaukaskattur ársins, tilfallinn fyrir og á því tveggja mánaða uppgjörstímabili sem var að líða þegar velta náði 800.000 kr., féll í gjalddaga einum mánuði og fimm dögum eftir lok þess uppgjörstímabils. Jafnframt bar að gera upp fyrir hvert tveggja mánaða uppgjörstímabil eftir þann tíma. Því getur komið til álagsútreiknings, sjá um hann á bakhlíð leiðréttingarskýrslunnar. Leiðréttingarskýrslu ber að skila til innheimtumans ríkissjóðs ásamt greiðslu, nema um inneign sé að ræða, þá til viðkomandi skattstjóra. Komi til skila á leiðréttingarskýrslu vegna forsendubreytingar á ekki jafnframt að skila virðisaukaskattsskýrslu á gíróseðilsforminu.

Minnt er á bæklinginn „Til minnis um ársskil“ (RSK 11.23)

Nánari upplýsingar veita gjaldaskrifstofa ríkisskattstjóra í síma 563-1207 og skattstjórar um land allt.

GJALDASKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA

Upplýsingar um vefskil

Gjaldendum virðisaukaskatts gefst nú kostur á að senda virðisaukaskattsskýrslur sínar rafrænt til skattyfirvalda um upplýsingavef ríkisskattstjóra (á slóðinni www.rsk.is/vefskil) og jafnframt að greiða skattinn rafrænt í gegnum sinn vefbanka (einka-, heimilis- eða netbanka).

Sækja þarf um heimild til raf-rænna skýrsluskila á upplýsingavef ríkisskattstjóra, www.rsk.is, en þar er að finna valkostinn vefskil. Þar skal velja liðinn „umsókn um veflykill“. Umsóknarferillinn er í 3 þrepum. Í þrepi 1 skal skrá inn umbeðnar upplýsingar, svo sem kennitölu og tölvupóstfang. Í þrepi 2 birtist veflykill en hann er óvirkur á þessu stigi ferilsins. **Þú skalt skrá veflykillinn hjá þér eða prenta út myndina á skjánum** því að veflykillinn birtist þér ekki aftur. Í þrepi 3 birtist á skjánum **umsóknareyðublað sem prenta þarf út**. Eyðublaðið hefur að geyma skilmála rafrænna skila. Sættir þú þig við skilmálana undirritar þú umsóknina og sendir hana ríkisskattstjóra að Laugavegi 166, 150 Reykjavík.

Umsóknir þeirra sem eru í ársskilum þurfa að hafa borist í síðasta lagi **29. janúar nk., þ.e. viku fyrir gjalddaga** uppgjörstímabilsins. Komi til þess að ekki verði unnt að afgreiða umsókn og gera veflykill virkan fyrir gjalddaga verður þú að

skila skýrslu á pappírformi og greiða með hefðbundnum hætti. **Hafi orðið breyting á forsendu ársskilamáta, þ.e. skattsskyld velta er 800.000 kr. eða meira á árinu 2001, er ekki hægt að skila virðisaukaskattsskýrslu með raf-rænum hætti.** Skila þarf slíkri skýrslu með venjulegum hætti, þ.e. á pappírforminu „leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts“ (RSK 10.26 - sjá forsiðu þessarar orðsendingar).

Fallist ríkisskattstjóri á umsókn þína um vefskil gerir hann veflykillinn virkan og tilkynnir þér um það með tölvupósti. Notkun veflykilsins jafngildir undirritun skýrslu.

Með því að velja aðgerðina „skila skýrslu“ kallar þú fram skýrsluformið sem byggt er upp eins og pappírformið. Færsla á skýrslunni er í þremur þrepum. Fyrst eru á skýrsluformið færðar viðeigandi fjárhæðir. Kerfið kannar því næst skýrsluna, reiknar út greiðslufjárhæðina og gerir athugasemdir ef ástæða er til. Eins er hægt að láta reikna álag sé komið fram yfir gjalddaga. Ef allt er með felldu er skýrslan staðfest og þar með send til skattyfirvalda. Jafnframt birtist þá kvittun fyrir að viðkomandi skattstjóri hafi móttekið skýrsluna.

Á móttökukvittuninni á skjánum er að finna hnappinn krafa

til banka. Með því að styðja á þann hnapp eru upplýsingar um greiðslufjárhæðina, greiðanda og móttakanda greiðslunnar sendar til sameiginlegrar kröfuskrár íslenskra banka og sparisjóða sem varðveitt er af reiknistofu bankanna. Þessa kröfu getur þú síðan kallað fram í vefbanka þínum og greitt hana þar.

Sé um inneign að ræða verður að senda viðeigandi fylgigögn á pappírformi til viðkomandi skattstjóra, t.d. ársreikning (sjá forsiðu þessarar orðsendingar).

Gætt er ýtrasta öryggis, en vefskil á rsk.is fara fram í gegnum 128 bita öryggislykill með SSL (Secure Socket Layer) tengingu, sem er útbreiddasta öryggistenging sem notuð er í samskiptum í gegnum vefsíður á internetinu í dag. Með þessu móti er gagnaflutningur dulritaður.

Þú getur skoðað sýningar-dæmi um vefskil á upplýsingavef ríkisskattstjóra undir liðnum „sýnikennsla vefskil“. Eins er hægt að nálgast frekari upplýsingar með því að velja orðsendingu nr. 3/2001 í vefskilum. Hafi þú spurningar fram að færa varðandi vefskilin getur þú sent þær með tölvupósti á tölvupóstfangið vefskil@rsk.is